



Heiðursfélagar Textílfélagsins



Ásgerður Búadóttir er listvefari á heims-mælikvarða og meðal helstu listamanna okkar Íslendinga. Loftkenndar röggvar úr hrosshárum mynda lifandi mótvægi við sléttofin vefinn í verkum hennar. Þótt list Ásgerðar sé í eðli sínu óhlutbundin eru mörg verka hennar sprottin af náttúruminum.




Sigríður Halldórsdóttir sýndi íslenskan spjaldvefnað, vefgerð sem á sér langa hefð og sögu sem rekja má til árdaga textíllistar. Hún hefur unnið afar merki-legt starf við að rannsaka, skrá og kenna hefðbundna textílvinnu: tóvinnu, vefnað og bandagerð og hefur ritað fjölda greina um íslenska textíla og handavinnu.




Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá vinnur verk þar sem hún spyrðir saman ólík efni: ull, plexigler og letur. Ullina notar hún lítt eða óunna, teflir saman andstæðum: léttleiki og gagnsæi, mjúkt og hart, lifandi og dauðt. Ullina notar hún eins og auða ör, skrifar með eigin hendi ýmsa texta svo sem ljóðabrot og örnefnarunur.



Hulda Jósefsdóttir sýndi þrjónahönnun. Flíkur hennar bera vott um einstaka næmni í notkun ullarinnar. Samspil sauðalita, þrjónaáferða og forma gefa flíkunum þrívíddaráhrif sem eru afar myndræn og tímalaus.



Hólmfríður Árnadóttir er fyrsti prófessor okkar í textílfraeðum. Hún hefur þá sérstöðu að vera frumkvöðull í að vinna textílvverk úr pappír sem hún klippir saman. Pappírinn meðhöndlar hún á sérstakan hátt til að ná fram textílaferð og lítur eins og um klæði væri að ræða.



Guðrún Marínósdóttir hefur á seinni árum unnið verk úr hrosshári og vír eftir aldagamalli hefð sem byggir á að nota mannhár í festar, ólar og myndverk. Hún hefur endurvakið einstakt handbragð í létt og loftkennd vírblóm og hrosshársverk unnin með þessari tækni.